



Mynd: Lögreglan á Suðurlandi.

Öruggara Suðurland stofnað

Fimmtudaginn 18. apríl var stofnað til svæðisbundins samráðs um aðgerðir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum undir yfirskriftinni Öruggara Suðurland. Að verkefninu standa embætti sýslumanns á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Fjölbrotaskólinn á Suðurlandi, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn að Laugarvatni, barnavernd- og félagsþjónusta allra sveitarfélaga í umdæminu, sem eru alls 14 talsins og embætti lögreglustjórans á Suðurlandi sem jafnframt stýrir verkefninu.

Markmiðið með verkefninu er að stofnanir og kerfi ríkis og sveitarfélaga vinni saman að því að tryggja og þróa grund-

völl fyrir afbrotavarnir með sameiginlegum áherslum. Efla samvinnu við úrlausn mála m.a. samkvæmt farsældarlögum og að vinna tölfraedi sem miðuð er við sameiginlegar skilgreiningar samstarfsaðila.

„Það er gríðarlega mikilvægt að við snúum bökum saman í baráttunni gegn ofbeldi og

öðrum afbrotum – það að kerfin tali saman, bætt viðbragð og aukin skilvirkni getur létt undir með fólki sem býr við ofbeldi og getur hreinlega verið spurning um mannlíf“ sagði Grímur Hergeirsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, við opnun stofnfundar verkefnisins Öruggara Suðurland.



Velunnarar gefa til HSU

Nýverið gaf Kvenfélag Grímsneshrepps stofnunninn á Selfossi tvær rafstillanlegar göngugrindur sem nýttar verða á deildunum þar þeirra er þörf hverju sinni. Heildarandvirði göngugrindanna er 759.810 krónur. Mikil vöntun hefur verið á svona búnaði og því kemur þetta sér einstaklega vel.

Kvenfélagskonurnar í Grímsnesi létu ekki þar við sitja heldur gáfu 100.000 krónur til Foss- og Ljósheima í tilefni 40 ára afmælis deildanna sem haldið var upp á fyrir stuttu.

Í tilefni 40 ára afmælis hjúkrunardeildanna fengu deildirnar fleiri höfðinglegar gjafir. Oddfellowstúkan Þóra gaf 1.000.000 króna sem nýttar verða í kaup á lyfjagælu og Gnúpverjahreppi gaf baðstól að verðmæti 1.100.000 krónur.

Það er ómetanlegt að finna þann hlýhug sem svona gjöf- um fylgir og aldrei hægt að fullþakka. HSU þakkar innilega fyrir gjafirnar og óskar þessum félagasamtökum vel- farnaðar um ókomna tíð.

HSU



Mynd: HSU

Breyttur skilafrestur í næstu viku

Verkalýðsdagurinn er miðvikudaginn 1. maí og eru því skil á efni degi fyrir en vanalega. Skil á efni og auglýsingum er fyrir hádegi mánudaginn 29. apríl.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

Syngjandi fjölskylda – nýtt forskóla tónlistarnám í Vík

Á þessu skólaári í tónskóla Myrdalshrepps var boðið upp á nýtt tónlistarnámskeið fyrir börn frá níu mánaða til fjögurra ára og foreldra þeirra sem heitir Syngjandi fjölskylda. Höfundur og kennari Alexandra Chernyshova, tónskólastjóri í Vík.

Syngjandi fjölskylda er sjö vikna hópnámskeið í forskólanámi tónskólans og góður grunnur fyrir tónlistaruppeldi barna. Sungið er á íslensku og kennsla fer bæði fram á íslensku og ensku eftir þörfum. Með því að vera í samvinnuverkefni læra börn virðingu fyrir samstarfi, samvinnu og stuðningi við hvert annað. Síðast og ekki síst er tónlist algilt tungumál sem spannar yfir menningarþjóðir og opnar fyrir börn skilning á fjölbreytileika í menningu.

Syngjandi fjölskylda er tónlistarnámskeið á vegum tónlistarskólans sem er opið fyrir

fjölskyldur með ungbörn. Síðasta sumar tóku sveitingar og sveitarstjórn vel á móti þróun tónlistarkennslu í Vík og voru keypt hljóðfæri sem náðu vel til yngri barna. Í vetur voru þrettán fjölskyldur og í vor fjórtán fjölskyldur sem voru í forskóla tónlistarnáminu - Syngjandi fjölskylda.

Það er gaman að segja frá árangri eftir námskeið Syngjandi fjölskyldu: eftir lokahóf námskeiðsins sem var síðasta fimmtudag í félagsheimilinu Leikskálum. Eina stúlka sem er fjögurra ára og var nemandi í Syngjandi fjölskyldu fékk mikinn áhuga á tónlist og vildi skrá sig í einkahljóðfæra og söngnám við tónskólann næsta vetur. Tónskólastjóri Alexandra Chernyshova tók vel í þennan áhuga og bauð henni í prufu tíma sem gekk ljómandi vel. Hvert veit, kannski leynist í höpnum Syngjandi fjölskyldu



undratónlistar barn í Vík?

Eftir góðar móttökur á liðnu skólaárinu verður námskeið Syngjandi fjölskylda í boði áfram næsta skólaár og skráning stendur til 18. maí.

Tónlistarhurð tónskólans í Vík er opin fyrir alla sem vilja kynnast íslenskrum tónlistarmenningu.

Ný stjórn Nemendafélags FSu

Mikilvægi félagsstarfs í framhaldsskólum má aldrei vanmeta þó engar einkunnir séu gefnar fyrir það. Drifkrafturinn í félagsstarfi byggir á áhuga og elju sem gefur af sér reynslu og þroska. Það er nefnilega viðurkennt að það sem gerist utan skólastofunnar og utan hefðbundins skólatíma skiptir miklu máli í menntun og þroska framhaldsskólanema.

Stjórn nemendafélags FSu er kosin á hverju skólaári og þar bjóða sig fram heiðursnemendur sem sjá og skynja skólastarf í víðara ljósi en beinan lærdóm samkvæmt námskrá. Miðvikudaginn 3. apríl tók ný stjórn nemendafélags FSu við af fráfarandi stjórn NFSu og formannsskipti urðu. Að því tilefni voru teknar ljósmyndir og byggir þessi frétt á því að segja frá og sýna þá kraftmiklu nemendur sem hafa haldið utan um félagslíf nemenda skólans á þessu skólaári og munu gera á því næsta.

Frá hægri í efri röð sjáum við fyrst Dag Fannar sem verður formaður íþróttanefndar. Þá kemur Sigurður Ernir formaður skemmtinefndar, Skarphéðinn Steinn formaður Sælunnar sem er ný staða hjá NFSu og sér hann um alla myndbandsgerð, tónlist og tengiliður við leikfélag skólans. Í neðri röð frá hægri má sjá Guðjón Óla sem verður markaðs- og kynningarfulltrúi, Hönnu Dóru sem var kosin varaformaður og Dýrleifu Nönnu sem verður formaður

ur NFSu á næsta skólaári. Þá má sjá Daníel Smára sem verður samskiptafulltrúi og gjaldkerann Kára Leó. Á myndina vantar Heimi Örn sem var valinn formaður rit- og málfundanefndar.

Ljósmyndina af fráfarandi stjórn með Elínu Þórdísi Pálsdóttur í formannssæti finnið þið á fésbókarsíðu FSu – því einungis er hægt að birta eina ljósmynd með frétt á vefsíðu skólans. Til hamingju nemendur : -)

FSu/jöz



Listamannspjall á sumardaginn fyrsta í Listasafni Árnesinga

Listamannspjall við Hrafnkel Sigurðsson, sumardaginn fyrsta 25. apríl klukkan 14:00. Kristín Scheving safnstjóri og Hrafnkell munu spjalla saman um list hans og sýninguna Loftnet. Ókeypis aðgangur.

Loftnet, salur 1, 2. mars – 25. ágúst 2024

Náttúran er ekki bara allt um lykjandi heldur leynist hún sömuleiðis innra með okkur og hindrar okkur í að draga skörp skil milli ytri veraldar og innri vitundar. Þess vegna glímur

Hrafnkell Sigurðsson við náttúruna eins og sá sem veit sig vera óaðskiljanlegan hluta hennar í einu og öllu. Hann spennir hornótt og áberandi tjöld sín – framandi aðskotahluti í líkingu við samhverfar geimstöðvar eða austurlenskar pagóður – andspænis mjallhvítri fönninni alltumlykjandi. Leikur hans í náttúrunni einkennist af ögrandi hvatskeytni af því umgjörðin getur ekki fylgt honum eftir í reglufestu en verður að láta sér nægja að vera hlutlaus bakgrunnur sviðsetningu hans.




AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



GG TRÉ

BYGGIR TIL FRAMTÍÐAR

Til sölu 68,5 fm iðnaðarbil til afhendingar strax, að Breiðumýri 3, Selfossi

Allar nánari upplýsingar veitir
Loftur Erlingsson, lögglitur fasteignasali
S: 896 9565, loftur@husfasteign.is




1. MAÍ SELFOSSI 2024

STERK HREYFING STERKT SAMFÉLAG



LÚÐRASVEIT SELFOSS LEIÐIR KRÖFUGÖNGU FRÁ
AUSTURVEGI 56 KL. 11:00, AÐ HÓTEL SELFOSS ÞAR
SEM DAGSKRÁ OG SKEMMTUN FER FRAM

KYNNIR ER
JÓNAS YNGVI ÁSGRÍMSSON FRÁ VR
RÆÐUMAÐUR VERÐUR
SONJA YR ÞORBERGSDÓTTIR, FORMAÐUR BSRB
FRÁ NÁMSMÖNNUM Í ML VERÐUR
KLAUDIA JOANNA FIGLARSKA

FRÍÐA HANSEN TEKUR LAGIÐ MEÐ ALEXANDER FREY.
AFREKSHÓPUR DANSKADEMIUNAR KEMUR FRAM
FIMLEIKADEILD UMFS SÉR UM ANDLITSMÁLUN.
KAFFI OG VEITINGAR





Gunnar Zoëga, forstjóri OK.

Mikilvægt að veita sterka nærþjónustu

OK festi kaup á tölvuþjónustu TRS lok síðasta árs og hefur sameining fyrirtækjanna gengið vel. Með kaupnum er OK að leggja áherslu á að þjónusta viðskiptavini enn betur á Suðurlandi og halda áfram góðri vegferð TRS á því svæði. Gunnar Zoëga, forstjóri OK, svaraði nokkrum spurningum ritstjóra Dagskrárinna á dögunum.

Viltu segja frá OK í stuttu máli?
„OK er upplýsingatækni fyrirtæki sem selur notenda- og innviðabúnað, ásamt því að vera í rekstrarþjónustu og ráðgjöf tengdri rekstri og hýsingu. Auk þess bjóðum við vefhýsingu og veflausnaþróun. Við höfum þá skýru stefnu að styðja vel við bakið á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum á Íslandi og vaxa um leið með íslensku atvinnulífi. Við erum með starfsstöðvar í Reykjavík, Sauðárkróki, Akureyri og núna Selfossi. OK er Framúrskarandi fyrirtæki 2023 og hefur hlotið verðlaun Fyrirtæki ársins þrjú ár í röð fyrir framúrskarandi starfsumhverfi og erum við einstaklega stolt af því.“

Hver var hvatinn fyrir ykkur að taka við tölvuþjónustu TRS?
TRS hefur verið að veita góða þjónustu og eru með lausnir sem OK getur stutt vel við. Sú vegferð og áherslur sem TRS er með fellur mjög vel að áherslu OK. Saman trúum við því að við getum veitt enn betri þjónustu fyrir okkar viðskiptavini. Íslensk fyrirtæki og stofnanir eru ekki bara

staðsett á höfuðborgarsvæðinu og því finnst okkur mikilvægt að veita sterka nærþjónustu fyrir atvinnustarfsemi vítt og breitt um landið.

Var margt starfsfólk TRS sem kom yfir til ykkar?

Allir starfsmenn TRS sem sinna upplýsingatækni félagsins komu yfir til OK eða 16 talsins. Starfsemi verður áfram á Selfossi og við sjáum mikil vaxtataækifæri á svæðinu, bæði fyrir okkar viðskiptavini en ekki síður starfsfólk sem býr nálægt og hefur hug á að starfa á Selfossi.

Jákvæð viðbrögð við sameiningu OK við tölvuþjónustu TRS

Hvernig hafa viðbrögð viðskiptavina verið við breytingunni?
Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð enda liggja mörg spennandi tækifæri í þessari sameiningu fyrir okkar viðskiptavini. Viðskiptavinir okkar sjá þetta sem sterkara félag til að styðja enn betur við sína starfsemi.

Hvaða nýjungar komið þið með á markaðssvæðið?

Upplýsingatækni er sá geiri sem þróast hvað hraðast og mest. Það er því mikilvægt að vera í farabroddi með lausnir og þjónustu sem viðskiptavinir nýta vel til aukins árangurs hjá sér. Við erum að veita grunnþjónustu í rekstri upplýsingatæknimála og bjóðum búnað sem er fremstur í heimi. Með þessu geta fyrirtæki og stofnanir einbeitt sér að sinni kjarnastarfsemi á meðan OK getur

ur séð um heildarþjónustu í upplýsingatækni. Við elskum tölvukerfi og bjóðum upp á Stafrænt fadmlag sem gengur út á að ná utan um verkefni og ná árangri í góðu samstarfi við okkar viðskiptavini.

Hafa fylgt því áskoranir að taka við af rótgrónu fyrirtæki?

Við þökkjum vel þau tækifæri og áskoranir sem fylgja öflugum og rótgrónum fyrirtækjum. OK er sjálft rótgróið fyrirtæki sem hefur farið í mikla endurnýjun á sinni starfsemi með góðum árangri. Sú menning og starfsandi sem er til staðar hjá báðum félögum er að miklu leyti mjög líkt og ætti að falla vel saman til að skapa starfsumhverfi sem verður jákvætt fyrir alla.

Byggja upp tengsl við viðskiptavini og samfélagið

Hver eru næstu skref fyrir OK í þróun þjónustunnar og í að byggja upp tengsl við viðskiptavini og samfélagið á Suðurlandi?
TRS hefur verið í góðu og nánu sambandi við samfélagið á Suðurlandi og mikilvægt að halda því áfram. Við erum að flytja skrifstofuna okkar á nýjan stað í júní. Við verðum með gott aðgengi að þeirri miklu þekkingu sem er til staðar hjá OK ásamt þeim búnaði sem er í farabroddi í upplýsingatækni hverju sinni. Við viljum vera sem næst okkar viðskiptavinum og eiga í virku samtali við okkar viðskiptavini, þannig náum við að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.



Sunnlenski matgæðingurinn



Elsa Þorgilsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég vil þakka frænku minni Júlíu fyrir að skora á mig ég hélt ég væri sloppin þar sem ég lánaði henni uppskrift í síðustu viku en nei það var nú ekki svo gott.

Mér fannst erfitt að ákveða hvaða uppskrift ég ætti að velja en þar sem styttest í sumarið ákvað ég að gefa uppskrift af grilluðum saltfiski og uppskrift af uppáhalds eftirrétti fjölskyldunnar sem er líka svo einstaklega einfalt að gera.

Grillaður saltfiskur

6-8 bitar saltfiskur (best að nota hnakkabita og fiskurinn þarf að vera vel útvatnaður)
2 dl ólífuolía (sem ætluð er til steikingar)
2 litir hvítlaugar eða 6-8 hvítlausrif
½ búnt fersk steinselja

Hvítlaukurinn maukaður/saxaður og steinseljan söxuð, þessu er síðan blandað saman við olíuna. Saltfiskurinn þerraður aðeins og settur á fat. Hvítlauksolían er síðan sett yfir fiskbitana, gott að láta þetta standa í 30 mín. Grillið hitað vel og gott að penna það með smá olíu svo fiskurinn festist ekki við. Fiskurinn settur á vel heitt grill með holdið niður fyrst og svo snúið á roðhliðina, gott að snúa fiskinum sem minnst sérstaklega ef hann er laus í sér. Grillað þar til fiskurinn er eldaður í gegn. Tekur aðeins nokkrar mínútur á hvorri hlið, fer þó eftir þykkt bitanna.

Karöflur

700 -800 gr kartöflur
Olía, kartöflukrydd og þurrkað rósmaín eða origano

Kartöflurnar skornar í fjóra báta velt uppúr olíu og kryddi, bakað í ofni í 30-40 mín.

Hvítlaukssósa

1 dós sýrður rjómi
2 dl majónes
2-4 hvítlausrif
Steinselja
Salt
Hunang

Ég ætla að skora á vinkonu mína Ragnheiði Maríu Hannesdóttur að gefa uppskrift því ég veit að hún lumar á ýmsu góðgæti.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Sýrður rjómi og majónes blandað saman, hvítlausrif maukuð og hrærð út í ásamt saxaðri steinselju smakkað til með salti og smá hunangi
Gott ferskt salat með fetastí er líka ómissandi með þessum fiski og svo mæli ég hiklaust með ísköldu hvítvíni.

Hvítúkkulaðimús með jarðaberjum og lime

Súkkulaðimús
100 gr. hvítt súkkulaði
2 dl rjómi
1 egg

Þeytið rjómann og setið til hliðar, bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og setið til hliðar.

Þeytið eggjög og hrærið egginu og bráðnu súkkulaðinu saman, varist að hafa súkkulaðið of heitt.

Blandið rjómanum saman við með sleikju

Setjið músina í fjórar skálar og geymið í ísskáp í að minnsta kosti fjórar klukkustundir. Hægt er að gera músina daginn áður og geyma í ísskáp yfir nótt.

Sósan

1 box jarðaber
2 msk. Akasúhunang
1 lime

Rífið börkin af lime-ávextinum, pressað safann úr. Blandið saman hunangi, lime-safa og lime-berki.

Skerið jarðarberin í bita og blandið öllu saman, marinerið í 4 klukkustundir.

Til að klára réttinn eru skálarnar teknar úr ísskápnum. Jarðarberjabitunum er dreift á skálarnar og um matskeið af safanum sett í hverja skál.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Fínur jakka er það á, og í veislu drekka má, þetta ungar allir fá, er svo rass, ja svei mér þá.

Svar við gátu í blaði 2748:
Svar vantar





Forsetakosningar
1. júní 2024

Sigríður Hrund
Veljum
fjölbreyttar
raddir



Mæltu með mér
Veittu mér brautargengi



www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



© Inter IKEA Systems B.V. 2024

Fáðu afhent með Dropp!

Nú getur þú fengið sendingar úr vefverslun IKEA afhentar með Dropp! Með þessu aukum við úrval þjónustu okkar og komum til móts við misjafnar þarfir viðskiptavina, hvar á landinu sem er.

Verslun opin 11-20 alla daga - IKEA.is



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Svæðisskipulag Suðrhálendis 2022-2042

Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis samþykkti þann 27. febrúar sl. tillögu að Svæðisskipulagi Suðrhálendis 2022-2042. Tillagan var til kynningar frá 15. nóvember 2023 til 19. janúar sl. og var auk þess auglýst í Morgunblaðinu og Bændablaðinu í nóvember sl. Alls bárust 72 athugasemdir. Svæðisskipulagsnefnd hefur afgreitt athugasemdirnar og sent þeim sem þær gerðu umsögn sína í gegn um Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Vegna athugasemdana voru gerðar nokkrar breytingar á skipulagstillögunni og snéru þær flestar að því að viðbótarupplýsingum var bætt við til skýringar á kortum/myndum og einfaldar leiðréttingar gerðar á texta. Bætt var við stefnu um mannvirkjavæði sem gerir nú ráð fyrir að mögulegt sé að styrkja flutningskerfi raforku með nýjum háspennulínunum við hlið eldri lína, ávarpað er að fráveita þjónustustaða skuli uppfylla kröfur til hreinsunar og losunar skólps skv. reglugerðum, bætt við að efnistökusvæði skuli vera í samræmi við aðalskipulag og bætt í stefnu um opnunartíma vega. Þá var aukið við umfjöllun um verndarsvæði, gróður og dýralíf í umhverfisskýrslu.

Skipulagstillagan hefur verið send sveitarstjórnnum á skipulagsvæðinu til samþykktar og hafa þær fjallað um niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar og samþykkt þær. Samþykkt svæðisskipulag verður nú sent Skipulagsstofnun til staðfestingar. Frekari upplýsingar um svæðisskipulagið og kynningarferli þess má finna í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skiplagsgatt.is

Svæðisskipulagsnefnd Suðrhálendis

MÁ BJÓÐA ÞÍNU FYRIRTÆKI AÐ STYRKJA YNGSTU OG EFNILEGSTU CROSSFIT DÓTTUR ÍSLANDS?

Þau fyrirtæki sem styðja við Bergros Björnsdóttur munu fá sitt LOGO prentað á peysu sem hún mun nota í keppnisferðum!!



STÆRSTU AFREK BERGRÓSAR HINGAÐ TIL:

2022

- Keptti á CrossFit Games 14-15 ára
- Keptti á HM u17 í OLY

2023

- 3. Sæti á CrossFit Games 16-17 ára
- Íslandsmeistari í fullorðinaflokk

2024

- Keptti á Wodapalooza í Elite flokk
- 1. Sæti í „The Open“ 16-17 ára
- 1. Sæti á „The Crown“



FRJÁLS FRAMLÖG:

Rn: 0511-14-013564

Kt: 060207-2160

Nánari upplýsingar: bolsturlist@gmail.com

Öflugt starf Hörpukórsins

Hörpukórinn, kór eldri borgara á Selfossi, er um þessar mundir að ljúka sínu 33. starfsári. Starfsemi kórsins er öflug og kórfélagar eru hátt í 50 manns. Stjórnandi kórsins er Stefán Þorleifsson. Hörpukórinn syngur reglulega á dvalar- og hjúkunarheimilum í héraði og kemur fram á ýmsum samkomum sem Félag eldri borgara Selfossi stendur að. Hörpukórinn tekur þátt í samstarfi fimm kóra á Suð-Vesturlandi og var kórarmót á Akranesi um síðustu helgi en kórarnir skiptast á um að halda mótið. Þau sem náð hafa 60 ára aldri og hafa gaman af

að syngja eru hvött til að koma og kynna sér starfsemi Hörpukórsins sem æfir í Grænumörk einu sinni í viku. Æfingar hefjast aftur í byrjun október.

Starfsemi vetrarins lýkur í vor með tónleikum í Selfosskirkju 5. maí kl. 14:00. Miðar

verða seldir við innganginn og einnig í forsölu hjá kórfélögum. Miðaverð er kr. 3.000 en kr. 2.500 í forsölu, ekki verður posi á staðnum.

Stjórn Hörpukórsins



Dívustælar og Stelpurokk Jórúkórsins á Sviðinu

Fimmtudagskvöldið 2. maí n.k. klukkan 20.00 heldur Jórúkórinn sína árlegu vortónleika. Tónleikarnir munu fara fram á Sviðinu sem er einn glæsilegasti tónleikasalur Suðurlands. Lagaval kórsins mun að þessu sinni hafa tónleika- staðnum einkar vel. Sviðið er staðsett í miðbæ Selfoss og eftir því sem kórinn kemst næst verður þetta fjölmennasta framkoma listamanna á Sviðinu til þessa.

Jórúkórinn, sem er kvennakór á Selfossi og var stofnaður árið 1996, hefur unnið frá áramótum að þeim lögum sem flutt verða á vortónleikunum. Kórstýra Jórúkórsins er enginn önnur en tónlistarkonan Unnur

Birna Björnsdóttir sem hefur stjórnað kórnum frá haustinu 2021. Unnur Birna hefur frá því að hún tók við kórnum útsett allnokkur lög sem kórinn hefur flutt en hún hefur einnig unnið í því að virkja tónlistina í hverri og einni konu.

Á dagskrá vortónleikanna að þessu sinni er því bæði að finna lög útsett eftir Unni Birnu og sömuleiðis lög sem kórkonur hafa útsett sjálfar undir stjórn Unnar. Lagavalið í ár er einkar fjölbreytt og má þar m.a. finna lög eftir Fugees, Spice Girls, Hljóma, Svavar Knút og Cyndi Lauper, það ættu því öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Á tónleikunum verður boðið

upp á einsöng, dúetta og fleira, allt úr röðum kórkvenna. Til stuðnings við kórinn þetta kvöld kemur einnig fram einvala lið tónlistarmanna sem eru þeir Pétur Valgarð Pétursson á gítar, Sigurgeir Skafti Flosason á bassa, Óskar Þormarsson á trommum og þar að auki mun Unnur Birna sjálf spila á píanó þegar þess gerist þörf og hver veit nema hún grípi í hljóðfærið sem hún er þekktust fyrir að spila á, fiðluna.

Þetta verður viðburður sem enginn getur látið framhjá sér fara og lofa kórkonur skemmtilegu kvöldi með stórkostlegum tónlistarflutningi. Nýlega opnaði Jórúkórinn heimasíðu og þar fer fram, um þessar mundir, miðasala á viðburðinn. Slóðin þangað er www.jorukorinn.is. Miðaverð á tónleikana er 4.900 kr. í forsölu en 6.000 kr. við hurð. Barinn á Sviðinu verður opinn og því verður 18 ára aldurstakmark á tónleikana.

Einungis 200 miðar verða seldir á þennan viðburð en færri hafa komist að en vilja á tónleika kórsins að undanförmu, því hvetja kórkonur fólk til að hafa hraðar hendur og næla sér í miða.

Jórúkórinn



Jónas Bergmann Magnússon ráðinn skólastjóri Laugalandsskóla

Oddi bs. hefur gengið frá ráðningu í starf skólastjóra Laugalandsskóla en það var Jónas Bergmann Magnússon, sitjandi skólastjóri, sem var ráðinn.

Í umsögn Odda bs. um ráðninguna kemur fram að Jónas hafi leyfi menntamálaráðuneytisins til að nota starfsheitið grunnskólakennari, hann hafi lokið þremur námskeiðum í stjórnunarnámi (stjórnun menntastofnana við HÍ) og búi yfir farsælli stjórnunarreynslu og fjölbreyttri kennslureynslu á grunnskólastigi.

Jónas gegndi stöðu aðstoðarskólastjóra við Laugalandsskóla

frá árinu 2020 og hefur starfað sem skólastjóri frá 1. desember 2023. Hann er því þaukunnugur

skólanum og því metnaðarfulla starfi sem þar er sinnt.





Leikskólinn Krakkaborg

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli staðsettur í Flóahreppi. Nemendur eru á aldrinum 1 – 6 ára. Krakkaborg er Grænfánaleikskóli og er því lögð rík áhersla á umhverfismennt og grenndarkennslu. Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði John Dewey og eru einkunnarorð leikskólans Hugur - Hjarta - Hönd

Leikskólinn Krakkaborg leitar að eftirfarandi stöðum fyrir skólaárið 2024-2025.

100 % stöðu kennara frá 8.ágúst 2024

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf kennara
- Reynsla af leikskólastarfi
- Metnaður og áhugi til að mæta ólíkum nemendum á faglegan, fjölbreyttan og skapandi hátt
- Áhugi og metnaður fyrir góðum foreldrasamskiptum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og lausnaleit
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Kennari vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakenna að uppeldi og menntun leikskólabarna og tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs ásamt foreldrasamstarfs undir stjórn deildarstjóra. Hann fylgist með nýjungum á sviði kennslu og er virkur þátttakandi í faglegri umræðu leikskólans.

75% staða sérgreinastjóri grenndarkennslu frá 8.ágúst 2024

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf kennara
- Reynsla af leikskólastarfi
- Metnaður og áhugi til að mæta ólíkum nemendum á faglegan, fjölbreyttan og skapandi hátt
- Hæfni í mannlegum samskiptum og lausnaleit
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi
- Góð íslenskukunnátta skilyrði

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Sérgreinastjóri skipuleggur og stýrir verkefnum sem tengjast grenndarkennslu og Grænafánaverkefni. Er tengiliður við þá aðila sem tengjast verkefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 3.mai 2024. Ráðið verður í stöðuna frá og með 8.ágúst eða eftir samkomulagi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag. Vakin er athygli á að ef leikskólakennari sækir ekki um kemur til greina að ráða aðra háskólamenntaða einstaklinga eða leiðbeinendur.

Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu leikskólans krakkaborg.leikskolinn.is með umsókn skal fylgja ferilskrá.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sara Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151 eða krakkaborg@krakkaborg.is

VÍS

Velkomin í vöfflukaffi

Í tilefni komu sumars og hækkandi sólar býður VÍS í vöfflukaffi á föstudaginn 26. apríl kl. 13-15. Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöfflur. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.



VÍS Selfossi, Austurvegi 10



Færri komust að en vildu á minningar- og styrktartónleikar

Þann 17. apríl síðastliðinn fóru fram minningar- og styrktartónleikar á Sviðinu á Selfossi fyrir Bjarka Gylfason heitinn og fjölskyldu. Mjög vel var sótt á tónleikana og komust færri að en vildu. En tónleikarnir voru einnig sýndir í beinu streymi sem fólk gat keypt aðgang að.

Bjarki fæddist árið 1988 á Selfossi og var uppalinn á Stokkseyri. Hann greindist með 4. stigs ristilkrabbamein undir lok árs 2022 eftir að hafa glímt við alvarlega sárarastilbólgu í 17 ár. Bjarki lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu sinnar þann 20. mars síðastliðinn eftir hetjulega baráttu, en hann skilur eftir sig eiginkonu, Guðrúnu Ástu Ólafsdóttur, og 2 börn, þau Heiðrúnu Bjarkadóttur, 10 ára, og Ólaf Þór Bjarkason, 8 ára.

Allir sem komu að tónleikunum gáfu vinnu sína, ekki

einungis þeir listamenn sem komu fram heldur m.a. einnig þeir sem standa að Sviðinu, db Entertainment sem sáu um tæknimálin, Ölgerðin sem gáfu rausnarlegar veigar í veitingasölu og Tílefni.is sem sáu um skreytingarnar.

Fjölskyldan og aðrir aðstandendur Bjarka eru afar þakklát óeigingjörnu framlagi þeirra sem komu að tónleikunum og þeirra sem hafa séð sér fært að styrkja þau með ýmsum hætti í gegnum þessa erfiðu tíma.

Söfnunarreikningurinn hér að neðan er á nafni Guðrúnar Ástu, eiginkonu Bjarka, og er tekið þar við frjálsum framlögum.

Reiknisnr. 0370-26-048318

Kt. 080390-2039

Aur: 868 1930

Þórdís Björt tók myndirnar.



arkartónleika Bjarka Gylfasonar og fjölskyldu



Hannyrðahornið

Frostrós

Glitrandi sumarskottur í vetrarþema með vel víðu pilsí.

Stærðir: 2 (4) 6 (8) ára. Sjá víddir í töflu.

Garn: Cotton Quick bómullar-garn frá Cewec. 4 (4) 5 (6), Palliette frá Lammy 2 dokkur, Tendresse krullugarn frá Lammy í kanta 1 dokka.

Áhöld: Prjónar no 4, 40, 60 og 80 sm, prjónamerki, 2 geymslunælur, heklunál no 3,5 og 1 hnappur.

Prjónafesta: 19 l = 10 sm.

Skammstafanir: l = lykkja/lykkjur, umf = umferð/ir, sl = slétt, br = brugðið, sp = setja prjónamerki, nyl = prj í þráðinn milli síðustu l og þeirrar næstu í umferðinni á undan, fl = fastalykkja, ll = loftlykkja.

Aðferð

Skokkurinn er prjónaður ofan frá og niður með einum þræði af Cotton Quick og einum af palliet-tugarninu og í lokin er kantur prjónaður að neðan og á ermum og heklur í hálsmálinu með Tendresse.

Byrjað er á því að prjóna fram og til baka nokkrar umferðir fyrir hneppingu sem er að aftan. Útaukning er gerð í löskum þannig að nýjum lykkjum fjölgar í laskanum sjálfum. Þegar berustykkið hefur verið prjónað eru ermalykkjurnar settar á geymslunælu og lykkjur fitjaðar upp í handvegum. Þá eru prjónaðar nokkrar umferðir og síðan er aftur útaukning í framhaldi af útaukningum að framan og aftan og einnig í hliðum.

Farið eftir tölum og leiðbeiningum í töflu.

Berustykki

Fitjið upp og prjónið fram og til baka stroff 2 sl og 2 br til skiptis: Takið fyrstu l fram af prjóninum óprjónaða (eins og eigi að gera brugðna l en þá kemur slétt l á kantinn). Prjónið 2 umf sl í sl og br í br.

Restin af berustykkinu er prjónuð slétt, (sl prjón á réttunni og br til baka á röngunni nema þá er síðasta l prj sl). Í fyrstu umf eru sett prjónamerki skv töflu til að minna á útaukningar og þær byrja síðan í þriðju umferðinni (á réttunni).

Prj fram og til baka skv töflu og síðan í hring á réttunni.

Útaukningar

Þegar kemur að prjónamerkjum er aukið út fyrir framan fyrra pm og á eftir seinna pm með því að prjóna nyl. Þannig hefur lykkjunum fjölgað um 2 l í hverjum laska og er þetta endurtekið í annarskv töflu. Í næstu umf eru ermalykkjur settar á geymslunælur og fitjað upp á nýjum lykkjum í handvegum skv töflu.

Pils

Prjónið og setjið pm skv töflu og setjið líka pm þar sem umf byrjar sem á að vera á miðju að aftan. Aukið er út í fjórðu hverri umferð þannig: Nýjar lykkjur eru gerðar hliðarmegin við pm að aftan og framan og til skiptis sittvoru megin við merktu lykkjurnar í hliðunum.

Skiptið yfir á lengri hringprjón þegar hentar og prjónið síðdina eftir töflunni eða eftir eigin óskum. Sýnishornið á myndinni er í stærð 4 og endar þar sem fjórða dokkan af Cotton Quick klárast.

Skiptið yfir í Tendresse og prjónið l l í hverja l og l l í þráðinn á milli lykkjanna í fyrri umf. Við það tvöfaldast lykkjufjöldinn. Prj 2 umf og fellið síðan af.

Ermakantur:

Prjónið með Tendresse. Setjið geymdu l á stuttan hringprjón og prjónið fyrst lykkjurnar eins og í fyrstu umf í pilsinu. Takið síðan upp l þar sem fitjað var upp í handvegi l l í hverja l. Takið líka upp aukalykkjur í hliðunum ef þarf til að koma í veg fyrir gót. Prj 2 umf og fellið síðan af. Gerið hinn ermakantinn á sama hátt.

Frágangur

Heklið með Tendresse fl í hverja kantlykkju niður opnunina hægra megin og upp vinstra megin, gerið 2 fl í hornið. Heklið í hverja prjónaða l í hálsmálinu og endið með því að hekla nokkrar ll sem nægja fyrir hneppingu, slítið frá og dragið endann í gegnum lykkjuna, saumið hann niður og gangið vel frá.

Gangið frá endum og festið hnappinn.

Þvoið kjólinn í volgu sápuvatni og leggið til þerris.



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Uppskrift:
Alda Sigurðardóttir

Tafla

Stærðir	2	4	6	8
Prjónafesta - 19 l = 10 sm				
Bringa vídd í sm	54	59	64	68
Sídd á pilsí frá handvegi	36	43	50	57
Berustykki				
Fitja upp á prj 4	78	82	86	90
Prjóna (v bak) og svo sp, 2 sl sp	11	12	13	13
Prjóna (öxl) og svo sp, 2 sl sp	13	14	14	15
Prjóna (fram) og svo sp, 2 sl sp	22	22	24	26
Prjóna (öxl) og svo sp, 2 sl sp	13	14	14	15
Prjóna (hægra bak)	11	12	13	13
Fjöldi umferða fram og til baka	12	14	16	18
Laskar endurteknir	9	10	11	12
Lykkjum skipt				
Prjóna (vinstra bak)	21	23	25	26
Setja á nælu (handvegur)	33	36	38	41
fitja upp fyrir handveg	9	11	11	13
Prjóna (fram)	42	44	48	52
fitja upp fyrir handveg	9	11	11	13
Setja á nælu (handvegur)	33	36	38	41
Prjóna (hægra bak)	21	23	25	26
Lykkjur í bol	102	112	120	130
Prjóna umf	6	8	10	12
Merkja fyrir útaukningu í pilsí				
Prjóna og setja pm	11	12	13	13
Prjóna og pm utanum næstu l	14	16	17	19
Prjóna og setja pm	14	16	17	19
Prjóna og setja pm	22	22	24	26
Prjóna og pm utanum næstu l	14	16	17	19
Prjóna og setja pm	14	16	17	19
prjóna	11	12	13	13

Allar uppskriftir Hannyrðahornsins eru aðgengilegar inni á DFS.is



Bókarkynning með tónlistarívafi í Bókakaffinu á Selfossi

Á sumardaginn fyrsta, 25. apríl kl. 16:00, verður Einar Lövdahl í Bókakaffinu á Selfossi og kynnr þar nýja bók sína Gegnumtrekk auk þess sem hann flytur nokkur frumsamin lög. Ætlunin er að fagna sumrinu á notalega hátt, með góðan kaffibolla í annarri hendi og fallega bók í hinni. Aðgangur er ókeypis.

Einar Lövdahl sendi frá sér skáldsöguna Gegnumtrekk í síðasta mánuði. Í upphafi dag-

skrár mun Einar segja frá tilurð bókarrinnar og lesa upp úr henni valinn kafla. Þá ætlar hann að grípa í gítar og flytja frumsamin lög með líflægum og grátbroslegum textum sem kallast á við efni bókarrinnar eða rithöfundastarfið. Að loknum tónleikum geta áhugasamir nælt sér í áritað eintak af Gegnumtrekk.

Um bókina

Gegnumtrekkur er hnyttin og heiðarleg skáldsaga um stritið

við að standa í lappirnar í vindasamri tilverunni. Sagan segir frá Aski, ungum manni sem virðist óttast lífið sjálft og ætlar að stinga af og byrja upp á nýtt. Flytja óþægileg samskipti, kvíðvænlegar áskoranir hversdagsins og stóru spurningarnar í lífinu. En það virðist vera sama hvert hann fer, alltaf er mamma hans – sem hann hefur ekki hitt í meira en áratug – með í för.

Um er að ræða fyrstu skáldsögu Einars, sem bar sigur úr

býtum í handritasamkeppni Forlagsins, Nýjar raddir, árið 2021 með smásagnsáfninu Í miðju mannhafi.

Um tónlistina

Einar Lövdahl sendi frá sér sólóplötuna Tímar án ráða árið 2013 og hefur upp frá því látið að sér kveða sem textahöfundur. Hann hefur starfað sem slúkur með listafólki á borð við Jón Jónsson, GDRN, Helga Björns og Jóhönnu Guðrúnu. Þá er hann



annar helmingur LÖV & LJÓN sem gaf út plötuna Nætur árið 2019.

Góður árangur hjá Sleipnisköpum í meistaradeild æskunnar

Meistaradeild æskunnar lauk sunnudaginn 14. apríl í Víðidalnum en þá var keppt í slaktaumatölti og gæðingaskeiði.

Viktor Óli Helgason úr

hestamannafélaginu Sleipni og lið hans náðu góðum árangri í gæðingaskeiðinu en lið hans Lækjarbrekka/Nettó urðu stíga-hæst í þeirri grein sem að lokum skilaði þeim 6. sæti í liða-

keppninni eftir veturinn.

Einnig tóku Elsa Kristín Grétarsdóttir og Vigdís Anna Hjaltadóttir úr hestamannafélaginu Sleipni þátt í MDÆ og varð lið Elsu Kristínar, Top-Reiter, í 5. sæti og lið Vigdísar Önnu, Brjánsstaðir/Réttverk, í 9. sæti í liðakeppninni.

Í einstaklingskeppninni stóð Ölfusingurinn Ragnar Snær Viðarsson uppi sem sigurvegari með 33,5 stig og Svandís Atkien Sævarsdóttir úr hestamannafélaginu Sleipni endaði önnur með 33 stig! Lið Ragnars Snæs, Hrímnir/Hest.is sigruðu liðakeppnina með 389 stig.

Í liðakeppninni varð lið Svandísar, Hofsstaðir/Ellert Skúlason ehf, í öðru sæti með 378 stig.

Það er óhætt að segja að Sleipnir þurfi ekki að kvíða framtíðinni með þessa knapa innanborðs. Hlökkum til að sjá þau með hækkandi sól á komandi útimótum.

Hestamannafélagið Sleipnir



Svandís Atkien og Fjóður



Vigdís Anna Hjaltadóttir



Elsa Kristín Grétarsdóttir



Sigurliðið í Gæðingaskeiði, Viktor Óli annar fra vinstri

Hæ þú

Rauði Kross Árnæssýslu er Rað virkja vinaverkefni sem eru í gangi hjá Rauða krossinum, þessi verkefni hafa þau markmið að draga úr félagslegri einangrun þeirra sem við hana búa. Við bjóðum upp á nokkrar útfærslur af vinaverkefnum, í okkar heimbyggð erum við með gönguvini, heimsóknavini og hundavini, einnig erum við með öflugan hóp af sjálfboda-liðum sem hittast tvisvar í viku og þrjóna fyrir rauða krossinn.

Þannig höfum við notað ýmsar aðferðir til að skapa aðstæður til að mynda tengsl og rjúfa einangrun og einmannaleika.

Ein af grunnþörfum okkar er að tilheyra hóp, því í grunnin erum við félagsverur. Einmannaleiki spyr ekki um aldur, kyn, heilsu eða þjóðerni, hefur áhrif á hamingju, sjálfstraust, sjálfsöryggi, þunglyndi. Við þurfum að horfa til viðkvæmra hópa sem eru sérstaklega í hættu að einangrast, þar eru á meðal ungt fólk sem er hvorki í vinnu né skóla, fólk sem er jafnarsett í þjóðfélaginu, fólk af



erlendum uppruna og eldra fólk. Með þáttöku í vinaverkefnum hjálpum við að rjúfa einangrun og með viðurkenningu og virðingu valdeflum við þá einstaklinga sem þurfa á því að halda.

Vantar þig félagskap? Ef þú eða einhver sem þú þekkir hefur áhuga á þáttöku í verkefnum, hvort sem það er sjálfboda-liði sem fer í heimsóknir eða þáttakandi sem fær heimsóknir endilega sendu inn umsókn í gegnum vefsíðu Rauða krossins www.raudikrossinn.is

Þá getur þú haft samband í síma 570-4000 eða sent mér póst á: joka@redcross.is

Verum jákvæð, berum virðingu fyrir náunganum, og verum dugleg að stunda góð samskipti, það er forsenda vellíðunar

Jóhanna Ólafsdóttir, verkefnastjóri Vinaverkefna Rauða krossins hjá Rauða krossinum.



#SocialHealthMatters



Sumarfrístund - starfsmenn

Við óskum eftir að ráða starfsmenn til starfa í sumarfrístund. Sumarfrístund er ætluð börnum á yngsta stigi grunnskóla í júní og ágúst. Nánar tiltekið er starfstími frá 3. til 28. júní og frá 7. til 20. ágúst.

Um er að ræða starf frístundaleiðbeinanda í tveimur 100% störfum.

Umsækjendur þurfa að hafa:

- menntun eða reynslu af störfum með börnum,
- búa yfir frumkvæði og vera sjálfstæðir í starfi,
- búa yfir góðum samskiptahæfileikum, sveigjanleika og samstarfsvilja.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Störfin hentar einstaklingum óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2024.

Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri, í síma 847 5353. Umsókn ásamt fylgigögnum skal send á netfangið lbj@reykholtsskoli.is.





Reykholtskóli Bláskógabyggð auglýsir eftir deildarstjórum fyrir skólaárið 2024-2025

Reykholtskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. til 10. bekk. Í skólanum eru 110 nemendur. Kjörorð skólans eru Virðing-Velliðan-Samvinna. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, teymisvinnu, verkefnamiðað nám, fjölbreytta kennsluhætti og list- og verkgreinar. Reykholtsskóli er annar tveggja grunnskóla Bláskógabyggðar. Gott samstarf er við aðra skóla í Árneshöfði.

Eftirfarandi deildarstjórastöður eru lausar til umsóknar:

- Deildarstjóri / staðgengill skólastjóra (afleysing í eitt ár) - 100% staða
- Deildarstjóri stoðþjónustu / tengiliður farsældar - 100% staða

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu
- Framhaldsmenntun (æskileg)
- Kennslureynsla
- Faglegur metnaður
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Góð samstarfshæfni
- Lipurð og sveigjanleiki í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Umsóknum skal fylgja ferilskrá og upplýsingar um meðmælendur. Störfin henta einstaklingum óháð kyni. Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2024. Öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar veitir Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri, í síma 847 5353. Umsókn ásamt ferilskrá skal send á netfangið lbj@reykholtsskoli.is.



Stóðhestaveislan safnar fyrir Einstök börn

Stóðhestaveisla Eiðfaxes var haldin háttíðlega laugardaginn 13. apríl við troðfulla HorseDay höllina að Ingólfs-hvoli og þökkum við staðarhöldurum fyrir gott samstarf. Á sama tíma var útgáfa Stóðhestabókar Eiðfaxes og er hún nú fánleg í ýmsum hestavöruverslunum víða um land. Í ár var aðalstyrktaraðili viðburðarins Víking og þökkum við þeim stuðninginn.

Fjöldinn allur af frábærum hrossum komu fram á veislunni og viljum við þakka ræktendum, eigendum og knöpum þessara hrossa fyrir velvildina en án þeirra hefði sýningin aldrei orðið að veruleika. Viljum við einnig þakka þeim fjölmörgu sem lögðu mikið á sig við undirbúning sýningarinnar og einnig þeim sem lögðu fram mikla og óeigingjarna vinnu á sýningarstað. Þökkum við þeim áhorf-

endum sem komu og troðfylltu HorseDay höllina fyrir komuna en mikil gleði var í höllinni og gott andrúmsloft. Ekki má svo gleyma þeim þúsundum áhorfenda víðsvegar í heiminum sem fylgdust með veislunni í beinu streymi frá HorseDay höllinni. Viljum við þakka KUKL fyrir þeirra störf en þeir sáu um útsendinguna og þulum kvöldsins Ágústi Sigurðssyni og Hjörvari Ágústssyni. Ekki má heldur gleyma honum Óla Pétri sem var að vana í hurðinni og sá til þess að allt gekk þetta nú hratt og örugglega fyrir sig.



Söfnunin stendur til 1. maí

Í gegnum tíðina hafa hestamenn látið gott af sér leiða á Stóðhestaveislunni og hafa safnast á milli 50 - 60 milljónir í tengslum við þessa viðburði. Málfinn hafa verið fjölbreytt en safnað hefur verið fyrir líknarfélag, góðgerðarfélag og einstaklinga.

Í ár varð stuðningsfélag barna og ungmennta með sjaldgæfa sjúkdóma og heilkenni, Einstök börn, fyrir valinu. Tveir folatollar voru gefnir til styrktar Einstökum. Guðbrandur Stígur Ágústsson gaf toll undir hest sinn Stein frá Stíghúsi sem fór á 500.000 krónur og þá gaf Olil Amble folatoll undir Álfaklett frá Syðri-Gegnishólum sem fór á 550.000 krónur.

Við þökkum þessum eigendum þessara stórgæðinga fyrir sitt framlag til Einstakra barna og að auki þeim ræktendum sem fjárfestu í folatollum undir þessa frábæru stóðhesta og styrktu um leið málefninu.

Happdrættismiðar til styrkar Einstökum börnum eru enn til sölu en dregið verður út þann 1. maí. Frábærir vinningar eru í boði t.d. flug með Play, folatollar undir marga af okkar fremstu stóðhestum, gjafabréf frá ýmsum aðilum og margt fleira. Hægt er að hafa samband við Magnús Benediktsson – maggiben@gmail.com til þess að verða sér úti um miða sem kosta einungis 1.000 kr.




Takk fyrir okkur!
Aðstandendur
Stóðhestaveislu Eiðfaxes

Fögnum sumri saman

Á sumardaginn fyrsta kl. 16 les **EINAR LÖVDAHL** upp úr bók sinni **GEGNUMTREKK** í Bókakaffinu á Selfossi. Hann mætir líka með gítarinn og syngur nokkur lög.

VALDIR TITLAR Á AFSLÆTTI



Bókakaffið AUSTURVEGI 22, SELFOSSI



Leikskólastjóri óskast við Leikskólann Undraland á Flúðum

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir leiðtogaæfleiðum og hefur reynslu og þekkingu á leikskólastarfi. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á leikskólastarfi, skólaþróun, stjórnun og forystu. Um er að ræða framtíðarstarf í 100% starfshlutfalli.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Veita skólanum faglega forystu og móta stefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Leiða og bera ábyrgð á rekstri, þjónustu og daglegri starfsemi leikskólans.
- Hafa forystu um og bera ábyrgð á mannauðsmálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á og styðja samstarf í samræmi við farsældarlög.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari og kennslureynsla skilyrði.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar leikskólastarfs æskileg.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er æskileg.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er skilyrði.

Umsókn skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf, afrit af leyfisbréfi ásamt kynningarbréfi með framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið.

Umsóknarfrestur er til og með 29. apríl og skal senda umsóknir á netfangið hruni@fludir.is

Laun eru samkvæmt samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ og FSL.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, í síma 480-6600 eða aldís@fludir.is.



Í leikskólanum Undralandi eru að jafnaði við nám 45-50 nemendur á þremur deildum.

Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 935 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir og fjölbreytt afþreying.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is



VIÐ ERUM FRAMÚRSKARANDI!



Samkvæmt nýjustu rannsóknum Brandr vísitölunnar þá skorum við frammúrskarandi í samanburði við íslensk fyrirtæki m.a. í þessum þáttum:

- **Reynslumikil á sínu sviði**
- **Gæða þjónusta**
- **Áreiðanleiki**
- **Græn þjónusta**



Lyngháls 1, 110 Rvk 📍 5 600 600
 Eyravegi 25, 800 Selfoss 📍 482 1944
 Glerárgötu 28, 600 Akureyri 📍 4 600 700
 ☐ prentmetoddi.is



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Smiður óskar
eftir verkefnum

Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum, gips, málnun o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA
FEBSEL**

Lokuð fimmtudaginn
25. apríl

OPIÐ HÚS

Fim. 25. apríl
Sumardagurinn fyrsti
Opið hús fellur niður

Fim. 2. maí kl. 14:45
Þorbjörn Sigurðsson með
frásögu af íbúum og mannlífi
á Landanesinu, utan ár

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efrí
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi á Eyravegi 15
laugardaginn 27 apríl kl.
11-12, gestur verður
Trausti Hjálmarsson for-
maður bændasamtak-
anna. Minnum líka á
spilakvöldin alla mánu-
daga frá kl.19:30.

KIRKJA

Strandarkirkja

Fermingarmessa kl. 14:00 á
sumardaginn fyrsta. Kór
Þorlák- og Hjallakirkju leiðir
almennan söng. Verum öll vel-
komin.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestsþjónusta sr.
Axel Á Njarðvík. Organisti Jón
Bjarnason.

Miðdalskirkja

Ferming á sumardaginn fyrsta
kl. 11. Prestsþjónusta sr. Axel Á
Njarðvík

Miðdalskirkja

Guðsþjónusta kl. 14. Prests-
þjónusta sr. Axel Á Njarðvík.
Organisti Jón Bjarnason. Aðal-
safnaðarfundur eftir guðsþjón-
ustuna.

Ólafsvallakirkja

Sumardagurinn fyrsti - 25. apríl
kl. 11. Helgistund, léttir sálmar
og söngvar, hugvekja og bæn.
Sumri fagnað. Undirleikari er
Þorbjörg Jóhannsdóttir organ-
isti.

Hrunakirkja

Fermingarmessa á sumardaginn
fyrsta 25. apríl kl. 13. Fjögur
ungmenni verða fermd.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Eyrúnar Jónasdóttur organista.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsniir breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í lífrættisfræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuáhrif,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á heilsulindheidars@
simnet.is eða í síma 898 1501
(SMS)

Heiðar Ragnarsson



Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

1. maí kaffisala
Kvenfélagsins á Eyrarbakka

Eins og mörg undanfarin ár
verður Kvenfélagið á Eyrar-
bakka með sína sívinsælu kaffi-
sölu á Stað á Eyrarbakka þann 1.
maí nk.

Samfélagið hefur staðið þétt
við bakið á þessari venju og
við kvenfélagskonur þökkum
kærlega fyrir góðan stuðning í
gegnum árin.

Ágóði rennur til líknarmála

allir eru velkomnir og vonumst
við til að sem flestir sjái sér fært
að koma og styrkja þetta góða
starf og efla.

Við erum með posa á staðn-
um þannig það er ekkert annað
að gera en að koma og gera sér
gláðan dag, eiga góða samveru-
stund og njóta.

Kaffisalan hefst kl. 15:00 og
verður opin til 17:00.

Fallist á kröfur lögreglu-
stjóra um gæsluvarðhald

Héraðsdómur Suðurlands
hefur fallist á kröfur Lögreglu-
stjóra á Suðurlandi um
gæsluvarðhald yfir fjórum
sakborningum sem handteknir
voru vegna rannsóknar á
meintu manndrápi í uppsveit-
um Árnessýslu síðastliðna
helgi. Krafan var lögð fram
á sunnudaginn í Héraðsdómi
Suðurlands og boðaði dómari
til uppkvaðningar úrskurða
síðdegis sama dag.

Tveir aðilanna voru úr-
skurðaðir til 30. apríl næst-
komandi og tveir aðilanna til



24. apríl. Allir voru aðilarnir
úrskurðaðir á grundvelli rann-
sóknarhagsmuna og sæta ein-
angrun.

Rannsókn lögreglu á mál-
inu heldur áfram en engar
frekari upplýsingar verða
veittar á þessari stundu.

Hreinsunardagur
Selfosskirkju á laugardaginn

Á laugardaginn 27. apríl
frá kl. 10 til 14 er ár-
legur hreinsunardagur Selfos-
skirkju. Undanfarin ár hefur sá
háttur verið hafður á að efna til
hreinsunar og tiltekta í kirkju-
garði og á lóð kirkjunnar. Það

er ánægjulegt að sjá fólk koma
og taka þátt í þessu verkefni og
hreinsa leiði ástvina í leiðinni.
Stór gámur verður á svæðinu.
Boðið verður uppá hressingu í
hádeginu. Fólk er beðið að hafa
með sér garðáhöld, þeir sem það
geta. Sóknarnefndin, aðal- og
varamenn, fólk úr kirkjukórnum
og aðrir starfsmenn kirkjunnar
taka vel á móti ykkur.

FUNDIR

AÐALFUNDUR

Framsóknarfélag Árborgar boðar til
aðalfundar **fimmtudaginn 2. maí**
kl. 20:00 að Eyravegi 15.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstórf
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

Kveðja, stjórnin



Framsókn in Árborg



Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar

Enskumælandi ráð í Mýrdalshreppi er handhafi Landstólpanns

Landstólpinn var afhentur Ráðinu á ársfundi Byggðastofnunar sem fram fór í Bolungarvík í liðinni viku en var þetta í þrettánda sinn sem viðurkenningin er veitt. Alls bárust 65 tilnefningar til 26 einstaklinga/verkefna víða af landinu.

Landstólpinn hafa áður hlotið einstaklingar, fyrirtæki og hópar sem þykja hafa skarað fram úr í verkefnum sínum og störfum en markmið með Landstólpanum er að efla skapandi hugsun og bjartsýni og viðurkenningin því hugsuð sem nokkurs konar hvatningar- og bjartsýnisverðlaun.

Íbúum í Mýrdalshreppi hefur fjölgað hratt undanfarinn áratug og er fjölgunin að stórum hluta borin uppi af innflytjendum en rúmlega helmingur íbúa í sveitarfélaginu er af erlendu bergi brotinn. Árið 2022 var enskumælandi ráð sett á laggirnar í Vík í ljósi þess að fjöldi erlendra íbúa á kjörskrá fjórfaldaðist í kjölfar breytinga á kosningalögum. Í stað þess að hafa þurft að búa á staðnum í fimm ár til að vera gjaldgeng í sveitarstjórnarkosningum þurfti eingöngu að hafa búíð þar í þrjú ár.

Ráðið skipa sjö fulltruar af sex þjóðernum, sem endurspeglar hið fjölbreytta samfélag í Vík en þar býr fólk af um 20 þjóðernum. Viðtökur íbúa við ráðinu hafa verið góðar og var strax mikill áhugi fyrir því að sitja í ráðinu. Hugmyndinni að ráðinu var komið út í umræðuna fyrir kosningar, haldnir fundir á ensku og kosningaefni gefið út á ensku og íslensku.

Mikilvægt að allir hafi jöfn tækifæri að ákvarðanatöku

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri í Mýrdalshrepp segir að eftir þessar breytingar hafi tilfinningin verið sú að stór hluti samfélagsins væri í raun frekar afskiptur og hefði hvorki rödd né tækifæri til að koma sínum hugmyndum á framfæri og taka raunverulega þátt í stefnumótunum og ákvörðunum. „Við erum með fjölmennan hóp erlendra íbúa sem greiða fulla skatta til samfélagsins og hafa rétt til að kjósa til sveitarstjórna. Sökum aðstæðna hafa ekki allir sömu tækifæri til þess að læra íslensku í ljósi þess að enska er ráðandi tungumál í ferðajónustu sem er okkar stærsta atvinnugrein. Okkur þótti mikilvægt jafnréttismál að allir íbúar hefðu raunveruleg tækifæri til þess að eiga aðkomu að stefnumótun og ákvarðanatöku og enskumælandi ráðið er liður í því,“ segir Einar Freyr.

Hann segir að þannig sé tryggt að nýir íbúar fái sitt pláss og geti nýtt sína rödd. „Markmiðið var þannig alltaf að leyfa



Frá afhendingu Landstólpanns 2024, Andri Þór Árnason sérfræðingur hjá Byggðastofnun, Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps, Lara Ólafsson og Hilary Jane Tricker frá enskumælandi ráði Mýrdalshrepps. Mynd: Aðsend.

röddum allra íbúa að heyrast, en það er ólíkt hvernig sveitarfélög nálgast þetta málefni. Það er skipað pólitískt í þetta ráð og greitt fyrir setu á fundum á sama hátt og í öðrum ráðum. Við vildum taka þessu alvarlega og ekki missa þetta í einhvers konar krúttverkefni“ segir Einar Freyr og bætir við „Þetta er vissulega þróunarverkefni, við erum enn að móta verksviðið og málefni. Ráðið ber ábyrgð á málefnum nýrra íbúa í sveitarfélaginu en við vildum ekki afmarka þetta of mikið í byrjun.“

Aukin fræðsla til nýrra íbúa

Lögd hefur verið ahersla a að auka fræðslu til erlendra íbúa frá ýmsum stofnunum svo sem Almennavörnum, HSU og Fræðsluneti Suðurlands til að miðla áfram þeirri þekkingu. Einar segir að mikil áhersla hafi verið lögð á að ná utan um hversu mikið íbúar af erlendum uppruna þekkja til þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir, og þeir eigi rétt á sem íbúar sveitarfélagsins.

Það hefur verið skemmtilegt að sjá hvaða áhrif þessar breytingar á kjörskránni hafa haft, allt í einu var t.d. ný líkamsrækt orðið hitamál í samfélaginu, eitthvað sem áður hafði ekki verið ofarlega í umræðunni en með tilkomu fjölbreytts og stækkandi hóps á aldrinum 20-40 ára komi kröfur um ákveðna

þjónustu sem hafi kannski ekki verið ræddar áður. Enskumælandi ráðið aðstoði þannig við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins geti haft áhrif á þá þjónustu sem verið er að veita. Einar Freyr telur að vel hafi tekist til í þessu verkefni.

Fannst ég loks tilheyrja

Tomasz Chochołowicz formaður ráðsins tekur í sama streng. Hann sagðist í fyrstu ekki hafa trúað því hversu mikla áherslu ætti að leggja á stofnun þess. „Ég var smá tíma að átta mig á því að Einari og öðrum í sveitarstjórn væri fúlasta alvara með stofnun ráðsins. Ég var búinn að búa í Vík í átta ár en fannst ég aldrei tilheyrja að fullu eða geta haft einhver áhrif á samfélagið. Það er frábært að þarna sé kominn vettvangur fyrir íbúa

af erlendum uppruna til að hafa áhrif innan stjórnsýslunnar og geta komið sínum hugmyndum á framfæri.“

Tomasz segir það hafa skipt sköpum að sveitarstjórinn og sveitarstjórnin öll hafi tekið virkan þátt frá upphafi. „Einar mætir á alla fundi ráðsins og segir okkur fréttir frá störfum sveitarstjórnar. Við getum á móti deilt með honum hvernig umræðan er í samfélaginu, hvað brenni helst á þeim íbúum sem við erum í samskiptum við því það er mjög mikilvægt að geta talað svona beint saman.“

Því fleiri raddir, því betra

Tomasz segir það með vilja gert að hafa mörg þjóðerni innan ráðsins. Þannig gefi ráðið góða mynd af íbúum Mýrdalshrepps. Það er mikil íbúavelta í Vík og

nágrenni, algengt að fólk komi og vinni í 3-4 mánuði og sé svo farið aftur. Þessu eru Einar og Tomasz sammála um að þurfi að breyta. Tomasz segir að nýir íbúar af erlendum uppruna fái sent bréf inn um lúguna, nokkurs konar móttökubréf. Í bréfinu má finna ýmsan fróðleik varðandi búsetu á Íslandi, svo sem hvernig sækja eigi um kennitölu, skattaupplýsingar og önnur atriði sem ráðið telur að gagnlegt sé fyrir nýja íbúa að vita sem fyrst. „Þetta eru upplýsingar sem auka lífsgæði fólks á nýjum stað, eitthvað sem allir þurfa að vita. Við erum lítið samfélag sem stækkar hratt og þurfum allar hendur á dekk. Það er þess vegna gríðarlega mikilvægt að nýir íbúar aðlagist samfélaginu sem best.“ Segir Tomasz Chochołowicz að lokum.



Frá fundi ráðsins.

Nemendur FSu vinna afrek í rafíþróttum



Rafíþróttir (e. esports) eru tilförluga nýjar af nálíni en í þeim er keppt í tölvuleikjum. Oftast er um að ræða skipulagðar keppnir í fjölspilunarleikjum milli þátttakenda sem keppa ýmist sem einstaklingar eða lið. Að keppa í tölvuleikjum hefur lengi verið partur af tölvuleikjamenningunni og frá síðustu aldamótum hefur áhorf aukist mjög mikið í gegnum vaxandi

og bætt netstreymi. Nú eru rafíþróttir orðnar stór þáttur í þróun og markaðssetningu tölvuleikja og taka margir leikjaframleiðendur beinan þátt í að setja upp og styrkja rafíþróttamót.

RÍSÍ er skammstöfun yfir Rafíþróttasamband Íslands sem hefur það meðal annars að markmiði „að styðja þróun og iðkun rafíþróttar á Íslandi“ eins og segir í lögum félagsins. Auk þess „að

kynna rafíþróttir sem áhugamál sem elur af sér jákvæða menningu, standa fyrir fræðslu um mikilvægi svefnis, heilbrigðs mataræðis og spilahátta, efla menntun í rafíþróttum, standa vörð um uppeldislegt gildi íþróttarinnar og heiðarlegan leik og síðast en ekki síst að koma á fót rafíþróttamótum á Íslandi.”

Til að gera langa sögu stutta eru nýafstaðnir Framhaldsskóla-leikar RÍSÍ þar sem nemendur FSu gerðu sér lítið fyrir og unnu til fyrstu verðlauna með því að sigra lið Tækniskóla Íslands í spennandi úrslitaleik. Í undanúrslitum sigraði lið FSu lið Fjölbrotaskóla Garðabæjar eftir æsispennandi keppni. Að sögn Pelle Damby Carøe sviðstjóra og dönskukennara við FSu sem heldur utan um liðið ásamt Luis Felipe Torres Meza eiga nemendur í keppnisliði skólans sérstakt og stórt hrós skilið fyrir frammistöðuna því þau hafa að mestu unnið og skipulagt þetta árangursríka verkefni ein og óstudd í allan vetur.

FSU/jöz

Ánægjuleg heimsókn í Björgunarmiðstöðina

Í vikunni sem leið komu í heimsókn í Björgunarmiðstöðina á Selfossi kínverski sendiherrann og bæjarstjórinn í Árborg ásamt fylgdarliði.

Ástæða þessarar heimsóknar var sú að sendiherrann langaði sérstaklega að þakka viðbragðsaðilum á Suðurlandi fyrir góða og faglega þjónustu í þeim of mörgu slysum sem kínverskir ferðamenn hafa lent í á Suðurlandi. Hann sagði sendiráðið vinna að slysavörnum og upplýsingagjöf með ráðamönnum hér á landi í von um að fækka slysum kínverskra ferðamanna. Hann sagði tæpar ellefu milljónir kínverja hefðu hug á að koma til Íslands á næstu árum, svo til mikils er að vinna í að sinna forvörnum og fækka slysum.

Sendiherrann vildi með þessari heimsókn þakka starfsfólki Björgunarmiðstöðinnar og þar

með talið starfsmönnum sjúkraflutninga HSU, sérstaklega fyrir fagleg vinnubrögð, hlýlega framkomu og að ávallt hafi

verið hugað vel að öllum sem lent hafa í slysum á þessu víðfeðma svæði sem heyrir undir viðbragðsaðilana.



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



STÍFLULOSUN

SUÐURLANDS

Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180 - Hellismýri 14 - 800 Selfossi

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN

Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

HSH

Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792.1727 eða
hshflutningar@gmail.com



Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolin.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is